TIL BAKA

ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 34

4. árgangur

14.8.1997


## I EES-STOFNANIR

1. **EES-ráðið**

2. **Sameiginlega EES-nefndin**

3. **Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

4. **Ráðgjafarnefnd EES**

## II EFTA-STOFNANIR

1. **Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

2. **Eftirlitsstofnun EFTA**

3. **EFTA-dómstóllinn**

## III EB-STOFNANIR

1. **Ráðið**

2. **Framkvæmdastjórnin**

**97/EES/34/01** Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.977 - Fujitsu/Amdahl)........ 1

**97/EES/34/02** Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.891 - Deutsche Bank/Commerzbank/J.M. Voith)........ 2

**97/EES/34/03** Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.922 - Viag/Goldschmidt)........ 2

**97/EES/34/04** Ríkisaðstoð - Mál nr. C 15/94 - Portúgal........ 3

**97/EES/34/05** Ríkisaðstoð - Mál nr. E 14/95 - Holland........ 3

**97/EES/34/06** Ríkisaðstoð - Mál nr. C 32/97 - Spánn........ 3

3. **Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.977 - Fujitsu/Amdahl)

**97/EES/34/01**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. 8. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89([1]) þar sem fyrirtækið Fujitsu Limited öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Amdahl Corporation með opinberu útboði sem auglýst var 30. 7. 1997.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   - Fujitsu Limited: Framleiðsla og sala á ýmsum gerðum tölva, hálfleiðara og fjarskiptatækja, svo og þjónusta sem því tengist,

   - Amdahl Corporation: Amdahl sérhæfir sig í stórum, afkastamiklum tölvukerfum til almennra nota og skyldum vörum sem eru samhæfðar IBM System 390 kerfinu.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtíð. EB nr. C 247, 13. 8. 1997. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.977 - Fujitsu/Amdahl, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**([1]) Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.**

ÍSLENSK útgáfa

## Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.891 - Deutsche Bank/Commerzbank/J.M. Voith)

**97/EES/34/02**

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. 4. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89([1]). Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,

- í tölvutæku formi í ,,CDE"-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M0911. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

## Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.922 - Viag/Goldschmidt)

**97/EES/34/03**

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. 6. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89([1]). Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,

- í tölvutæku formi í ,,CDE"-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M0911. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**([1]) Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.**

## Ríkisaðstoð Mál nr. C 15/94 Portúgal

**97/EES/34/04**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fjórðu greiðslu vegna fjármagnsaukningar til handa fyrirtækinu TAP (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 239 frá 6. 8. 1997).

## Ríkisaðstoð Mál nr. E 14/95 Holland

**97/EES/34/05**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að leggja til viðeigandi ráðstafanir samkvæmt 1. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna ríkisaðstoðar sem Holland hefur ákveðið að veita til fiskveiða (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 235 frá 2. 8. 1997).

## Ríkisaðstoð Mál nr. C 32/97 Spánn

**97/EES/34/06**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna fyrirhugaðrar aðstoðar sem Spánn ætlar að veita fyrirtækinu “Porcelanas del Norte S.A.L.” (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 243 frá 9. 8. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB, við:

European Commission
Directorate General for Competition (DG IV)
State Aid Directorate
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Spán.